

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	31.10.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurál Grundartanga	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	5702972609	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinunn Dögg Steinsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Einar Friðgeir Björnsson	<b>Staðsetning</b>	365596,685 431351,563

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik, en eldra frávik um sólarhringsstyrk SO<sub>2</sub> frá árinu 2011 og 2012 er enn í eftirfylgni. Norðuráli og Elkem á Grundartanga hefur verið veittur frestur til 28.nóvember 2013 til að senda Umhverfisstofnun nánari greiningu og áætlun um mótvægisáðgerðir ef við á.

Athugasemd var gerð við að flæðigryfjur eru orðnar yfirfullar og því töluvert af virkum úrgangi í flæðigryfjunni, ofan sjávarmáls.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir kafla 3 og 4 í starfsleyfi um mælingar, upplýsingagjöf og eftirlit með rekstri. Öllum gögnum sem krafist er í starfsleyfinu hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar á réttum tíma og niðurstöður mælinga undir losunarmörkum.

Hávaðamælingar voru síðast gerðar 2007 í kjölfar breytinga á verksmiðjunni. Nú er verið að undirbúa heildstæða hávaðamælingar fyrir svæðið og er búist við að þær verði framkvæmdar í byrjun næsta árs (2014).

Skýrir verkferlar eru um löndun súrals þar sem að tekið er tillit til veðurskilyrða til að takmarka rykmyndun.

Þá var farið yfir úrgangsmál

Þann 10.september sl. fékk UST tilkynningu um að nýtt sorpsöfnunarsvæði hefði verið tekið í notkun inn á svæði Norðuráls. Stefnan er að bæta flokkun úrgangs innan svæðisins. Hringrás, er móttökuaðili úrgangsins og er fastur starfsmaður á þessa vegum á svæðinu sem sér um sorpsöfnunarsvæðið og tæmingu móttökustöðva á svæðinu. Samhliða breytingunum hefur Norðurál gefið út upplýsingabæklinga sem þau dreifa til starmanna samhliða kynningarfundum. Viðsvegar um svæðið eru flokkunartunnur og móttökusvæði. Spilliefnum er safnað saman í spilliefnakör frá Hringrás á móttökusvæðum og síðan flutt á sorpsöfnunarsvæðið. Spilliefni og úrgangsolía eru geymd á steypu plani með olíugildru.

Kerbrot og annar framleiðsluúrgangur fer beint í gáma til útflutnings eða í flæðigryfjur.

Álgjall er pressað í gjallhúsi til að ná sem mestu hreinu áli úr því. Eftir kælingu er álgjallið sett í loftþetta gáma sem fluttir eru af verktaka til Alurs álendurvinnslu í Helgúvík. Rætt var um mikilvægi þess að vel væri fylgst með ástandi álgjallsgámanna með kerfisbundnum ástandsskoðunum og skráningum.

Flæðigryfjur álversins eru orðnar yfirfullar. Fyrirtækið hefur óskað eftir undanþágu til Umhverfis og auðlindaráðuneytisins til að nota nýja flæðigryfju meðan unnið er að starfsleyfismálum. Norðurál hefur lokið við áhættugreiningu varðandi nýju flæðigryfjuna. Unnið er að því að hvert fyrirtæki sem nýtir gryfjuna verði með sér leyfi. Þar sem að flæðigryfjur Elkem, Norðuráls og Faxaflóahafna liggja alveg saman var rætt um mikilvægi þess að gryfjurnar væru aðgreinanlegar. Engin formleg starfsleyfisumsókn hafði borist til Umhverfisstofnunar en deiliskipulag nýju flæðigryfjunnar er samþykkt.

Haldið er utanum sorpskráningu í miðlægu kerfi á innraneti fyrirtækisins. Verið er að vinna að endurbótum skráningakerfisins. Kvittanir frá Hringrás um móttöku úrgangs eru sendar með tölvupósti en kvittanir kerbrota eru geymdar á miðlægu skráningarkerfi.

Þá var farið yfir endurskoðun mæliáætlunar. Rætt var um breytingartillögur Umhverfisstofnunar við tillögu að mæliáætlun. Farið var yfir mæliáðferðir og skráningar. Meðal annars var farið var yfir útreikninga ryklosunar út um rjáfur kerskála út frá þekjuopnun. Sífelldar mælingar eru gerðar á loftkenndum flúor í rjáfri en flúor í ryki er mældur árlega með kasettumælingum.

Tvær tilkynningar um stöðvun reykheinsivirkja bárust stofnuninni frá síðasta eftirliti en stóðu þær báðar yfir í innan við klukkustund. Önnur stöðvunin var 17.september vegna viðgerð á spennu og seinni stöðvunin stafaði af útleysingu í kerskála þann 2.okt sl.

Búið er að sækja um leyfi fyrir olíuafgreiðslu innan svæðis Norðuráls til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Frávik frá árinu 2011 og 2012 varðandi styrk SO<sub>2</sub> við Kríuvörðu er enn í eftirfylgni. Unnið er að greingarvinnu til að greina dreifingu SO<sub>2</sub> á svæðinu. Fyrirtækin hafa frest til 28.nóvember til að skila ítarlegri greiningu á frávikinum og tímasetta úrbótaáætlun ef við á.

Að loknum eftirlitsfundi var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Litið var á flokkun úrgangs frá mótuneyti sem er verið að innleiða og gengið um nýja sorpsöfnunarsvæðið sem er til fyrirmyndar. Þaðan var gengið inn á verkstæði til að skoða móttökustöðvar sorps og þaðan gengið um kerskála A. Frágangur í kerskála og ástand kerja var í góðu lagi. Þá lá leiðin inn í steypuskála þar sem að fylgst var með skimmun álgjalls. Þaðan var gengið í gjallhúsið og litið á meðhöndlun álgjallsins.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.4 í starfsleyfi	Áframhaldandi frávik frá 2011 þar sem að sólarhringsstyrkur SO <sub>2</sub> mældist 21 sinnum yfir gróðurverndarmörkum árið 2011 og 15 sinnum yfir gróðurverndarmörkum árið 2012.

#### ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við að eldri flæðigryfjur orðnar yfirfullar og töluvert af kerbotum og öðrum úrgangi ofan sjávarmáls sem nær ekki tilætlaðri skolun.

Reykjavík, 29.11.2013

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.